

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um útgáfu á ársskýrslum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða stofnanir og fyrirtæki sem heyra undir ráðuneytið gefa út ársskýrslu á pappíriformi og hver var kostnaðurinn sem lagðist á ráðuneytið vegna þessa árið 2017?

Af stofnunum ráðuneytisins gáfu Íslenskar orkurannsóknir, Mannvirkjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktin, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands út ársskýrslu á pappíriformi á árinu 2018 vegna starfsemi ársins 2017.

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands mun stofnunin hætta pappír-útgáfu og þess í stað gefa hana út á rafrænu formi.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur gefið út tvær starfsskýrslur sem spanna hvor um sig fjögurra ára kjörtímabil Þingvallanefndar.

Enginn kostnaður lagðist á ráðuneytið vegna útgáfu á ársskýrslum árið 2017.

